

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 184/2019

frá 10. júlí 2019

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/387 frá 11. mars 2019 um leyfi fyrir rýmkun á notkun á olíu úr *Schizochytrium* sp. (ATCC PTA-9695) sem nýfæði og breytingu á heitinu olía úr *Schizochytrium* sp. (ATCC PTA-9695) og sértækum kröfum um merkingu þess samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/388 frá 11. mars 2019 um leyfi til að breyta nákvæmum skilgreiningum á nýfæðinu 2'-fúkósýllaktósa, sem er framleiddur með *Escherichia coli* K-12, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/456 frá 20. mars 2019 um leyfi til að breyta nákvæmum skilgreiningum á nýfæðinu kórianderolíu úr fræi *Coriandrum sativum* samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/506 frá 26. mars 2019 um leyfi til að setja á markað D-ríbósa sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 70, 12.3.2019, bls. 17.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 70, 12.3.2019, bls. 21.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 79, 21.3.2019, bls. 13.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 85, 27.3. 2019, bls. 11.

inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.

6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/2470):

- „- **32019 R 0387**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/387 frá 11. mars 2019 (Stjtið. ESB L 70, 12.3.2019, bls. 17),
- **32019 R 0388**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/388 frá 11. mars 2019 (Stjtið. ESB L 70, 12.3.2019, bls. 21),
- **32019 R 0456**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/456 frá 20. mars 2019 (Stjtið. ESB L 79, 21.3.2019, bls. 13),
- **32019 R 0506**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/506 frá 26. mars 2019 (Stjtið. ESB L 85, 27.3.2019, bls. 11).“

2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 160. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/343):

„161. **32019 R 0387**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/387 frá 11. mars 2019 um leyfi fyrir rýmkun á notkun á olíu úr *Schizochytrium* sp. (ATCC PTA-9695) sem nýfæði og breytingu á heitinu olía úr *Schizochytrium* sp. (ATCC PTA-9695) og sértækum kröfum um merkingu þess samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 70, 12.3.2019, bls. 17).

162. **32019 R 0506**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/506 frá 26. mars 2019 um leyfi til að setja á markað D-riþósa sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 85, 27.3.2019, bls. 11).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2019/387, (ESB) 2019/388, (ESB) 2019/456 og (ESB) 2019/506, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. júlí 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júlí 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.